



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Málsnr. 2507005/ÁÓ

Umsögn

Til: Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins
Frá: Ásdísi Ólafsdóttur, svæðisskipulagsstjóra
Efni: KÓP Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir – Breyting á aðalskipulagi (lýsing).
Dags: 9. september 2025

Svæðisskipulagsnefnd barst bréf frá Kópavogsbæ úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, dags. 11. júlí 2025, varðandi skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogsbæjar.

Um skipulagslýsinguna

Fram kemur að breytingarnar verði gerðar til að koma til móts við íbúafjölgun og svara þörfum samfélagsins með því að skipuleggja eftirsóknarverð íbúðahverfi í sveitarfélaginu. Íbúðabyggð yrði skipulögð í góðu samhengi við hverfi í austurhluta Kópavogs. Slík þróun byggðar stuðli að betri nýtingu innviða. Einnig er forsenda breytinganna að finna þarf þjónustumiðstöð Kópavogs nýja staðsetningu. Markmið skipulagsvinnunnar er að móta heildstæða framtíðarsýn fyrir þróun svæðisins með sjálfbærni, náttúruvernd og samfélagslega velferð að leiðarljósi.



Mynd 1. Úr skipulagslýsingu. Myndin sýnir afmörkun þess svæðis sem er til skoðunar á loftmynd með rauðu. Hvítu hringirnir sýna grófa staðsetningu þeirra svæða sem til stendur að vinna deiliskipulag eða breytingu á þeim fyrir.

Svæðið liggur að vaxtarmörkum höfuðborgarsvæðisins, að grannsvæði vatnsverndar og að Elliðavatni. Innan skipulagssvæðisins er skilgreint öryggissvæði vegna grunnvatns. Eitt af markmiðum verkefnisins

er að byggðin sé þróuð m.t.t. náttúru svæðisins og verndarákvæða innan svæðis m.a. í tengslum við hverfisvernd við Guðmundarlund, hverfisvernd Elliðavatns og öryggissvæðis vegna grunnvatns.

Umsögn

Eitt af markmiðum verkefnisins er að byggð og samgöngur séu samþættar með áherslu á vistvænar samgöngur, það er almenningssamgöngur og virka ferðamáta. Þetta samræmist leiðarljósi 2 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins um *skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi*. Svæðið liggur einnig nálægt samgöngu- og þróunarási og því góðir möguleikar á að svæðið geti orðið vel tengt með almenningssamgöngum í framtíðinni. Í lýsingunni kemur fram að litið verði til leiðbeininga SSH og Skipulagsstofnunar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli.¹ Bent er á mikilvægi þess að skipulag byggðarinnar sé með þeim hætti að tryggður sé farþegagrunnur almenningssamgangna og þannig betri nýting á því kerfi. Um þetta er nánar fjallað í leiðbeiningunum, enda er mikilvægt að huga að mörgum þáttum skipulagsins til að hafa áhrif á ferðavenjur og umferðarmagn og þannig styðja við vistvænar samgöngur. Landnýting, umfang byggðar, blöndun byggðar, heildstætt kerfi göngu- og hjólastíga og bílastæðafjöldi eru allt þættir sem mikilvægt er að skoða sérstaklega til að ná fram markmiðum um vistvænar samgöngur.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við fyrirhugað skipulagsferli og áherslur þess skv. fyrirbyggjandi skipulagslýsingu.

Virðingarfyllst f. h. svæðisskipulagsnefndar,



Ásdís Ólafsdóttir
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

¹ Mannlíf, byggð og bæjarrými. Leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli.